



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR

42. TBL. 9. ÁRG. JÚLÍ 1983

Fyrir er ekki rétt stefnt en til þess stefni að hver einstaklingur fái hátt í öllu lífi og allt líf hátt í hverjum einstökum *Halei Þiagar*

SATÚRNUSAR-ÞOKAN – (Sjá forsiðumynd)

Satúrnusarþokan NGC-7009 er í stjörnumerkinu Vatsberanum (Aquarius). Hún er ein af hinum svo nefndu hringþokum (Planetary Nebulae), sem víða finnast í geimnum.

Álitið er að upphaf þeirra stafi af sólsprengingu (nóvu), er orðið hafi í einhverri fortíð. Hafi viðkomandi sólstjarna sprengt af sér öll ytri efnislög sín, og haldi síðan þetta efni áfram að þeytast í allar áttir út í geiminn með feikna hraða. Í mörgum af þessum hringþokum má sjá litla miðjustjörnu og álíta stjörnufræðingar, að þar sé um að ræða leifar eða miðkjarna upprunalegu stjörnnunnar.

Satúrnusarþokan er mjög sérkennileg að því leyti, að út frá henni ganga sinn í hvora áttina, einskonar armar, og minna þannig nokkuð á hringa Satúrnusar, þegar sést á rönd þeirra. Af þessari líkingu dregur þokan nafn sitt.

Sýndarbirta Satúrnusarþokunnar er um það bil 8 stig, og lítur út sem dauf grænleit stjarna í litlum sjónaukum. Það er aðeins í stórum sjónauka, sem þessi sérkennilega lögun kemur vel í ljós.

Ingvar Agnarsson.

„Guðirnir á Síríusi“

eftir K. O. Schmidt

Þýðing eftir Þorstein Guðjónsson.

Satjar

(Framhald úr 37. tölublaði Lífgeisla í apríl 1982).

... Mig grunaði það ekki að endurupptaka samstillingar huga míns við Samana – eins og þeirrar sem varð, þegar ég fór fyrst að sjá – mundi verða til þess, að sýnir mínar tækju enda.

Í sælli hrifningu gaf ég frá mér merki um lotningu mína fyrir huga veraldanna, þeim sem geislar sér um hina óendanlegu víðheima og yfirvídheima í sköpunarþrá sinni, og fyllir alla heima með óendanlegu lífi.

Enn á ný varð mér ljóst, hve smá og takmörkuð þau geimsvæði voru í rauninni, sem forfeður Magna höfðu stikað út á geimferðum sínum, samanborið við óendanleik al-yfirheimsins ... En því dýpra, sem ég sá þá skyggast í leyndardóma sköpunarverksins, því meir óx undrun mín yfir vizku og almætti huga veraldanna, en vilji hans hefur komið því til leiðar, að á öllum hnöttum geimsins koma fram æðri lífmyndir á eftir hinum óæðri. En líkamir lífmyndaanna laga sig sífelldum að ríkjandi ástæðum þyngdarafls, orkubúskapar og vistfræði á hverjum hnetti fyrir sig.

Jafnframt hafði það komið skýrt í ljós, að sá hluti alheimsins, sem Magnar höfðu kynnt, og væntanlega alls þess víðheims, sem sá hluti tilheyrir, er enn í árdaga ævi sinnar, og að lífið sjálft getur aldrei glatazt – enda þótt það taki sífelldum breytingum. Mér skildist sem að baki þróunar þess lægi alheimsáform.

... Og ég gladdist af þeim skilningi, að andi lífsins hefði af ásettu ráði ekki skapað neitt fullkomið heldur gefið hverjum einstökum lífsneista þann hæfileika, að fullkomna sig í frelsi og með sjálfráðri ábyrgðartilfinningu. Á þennan hátt komast lífneistarnir nær því, sem vakir fyrir hinni guðlegu veru og líkjast henni sífelld betur.

Um leið og mér varð litið á Samana, skildi ég, að hann hafði, eins og aðrir Magnar, fyrir löngu náð því stigi, þar sem stjörnuskilningur og guðsþekking sameinast, og vilji hins Eilífa talar beinna til

tilfinninga hans og hjarta en okkar Jarðarmanna, á því bernskustigi, sem við erum.

En þó leiddi Samana undireins athygli mína frá þeim Mögnum og að Jarðarbúum og ég skynjaði þær hugsanir hans, sem styrktu trú mína:

„Gerðu þér ljóst og gleymdu aldrei því, að einnig mennirnir eiga sér alheimshlutverk og alheims-viðfangsefni! Allt eins og frummennirnir höfðu í sér falinn vísi til hins síðmenntaða nútíðarmanns, þannig á hann í sér vísinn að ofurmenni framtíðarinnar. Og í ofurmenninu blundar hugmennið og víðheimsbygginn, sem á komandi tímaskeiðum mun vakna til sjálfs sín. Og enn mun sá vakna til þess að verða guðmenni og af honum vaknar sjálfur guð veraldanna.

* *

„Fyrr eða síðar“ hélt Samana áfram ræðu sinni „mun vakna með ykkur mönnunum það, sem við lærum hér undireins á barnsaldri: að hugsa um mikilleik heimsins, og að ná samvitund við allt sem er.

Þið munuð skynja innri nálægð guðs ekki síður skýrt en þið nú – meðan öll ykkar athygli beinist út á við – skynjið ykkar eigin líkama.

Vissulega er löng leið frá núverandi þróunarstigi mannsins til víðheimsvitundar Magna . . . og þaðan af lengra til yfirheimsfullkomnunar Satjanna. Þó eru ykkur mönnunum gefnir nákvæmlega sömu möguleikar og hæfileikar og okkur, til þess að komast á stig ædsta máttar, vizku og yfirburða . . .

. . . Eins og er, stendur mannkynið á frumstigi þróunar sinnar. En þegar það kemst á hátinda sína, mun það ríkjja yfir sólhverfum – sem sjálfstæðir skapendur af hendi þess guðs, sem veit, að ædsti máttur er í því falinn að gegna og þjóna öðrum – með þeirri gleði sem fylgir því að hafa grun af hinum ædsta vilja.

Trygging þessarar óaflátanlegu þróunar upp á við, er hinn eilífi guðsneisti í hinu dýpsta eðli ykkar sjálfra, en sá neisti var til áður en sólrir skópust og vetrarbrautir og verður alltaf til, því að hann er, eins og guð, hafinn yfir tíma og rúm.

* *

Það, hvernig Samana beindi athygli minni að því, að dauðinn verður sigraður og lífið eilíft, að því er tekur til hins varanlega í sjálfum mér jafnt sem öðrum, friðaði huga minn, og eftir því sem hugsanir hans streymdu til mín varð rósemi mín að fullvissu.

„Engin lifandi vera missir, við það að kasta líkamsbúningi sínum,

neitt af innra sjálfi sínu, neitt af sínu eiginlegasta eðli. Eins og þetta eðli var til áður en líkaminn fæddist, þá er það einnig eftir að hann deyr . . .

. . . Dauði og líf geta hvorugt án annars verið. Hvorttveggja tilheyrir ríki þess, sem skapast og hverfur. Dýpsta grunn eðlisins snerta þau ekki: Í þínu innsta eðli eru engin umskipti milli þess að hefjast og hverfa heldur aðeins sú svipstund sem aldrei líður.

. . . En einnig í ríki verðandinnar breytist ekki orkujafnvægið. Það sem hverfur, tapast aðeins til þess að endurnýjast í annarri og yngri mynd.

. . . Sífellt eru lífverur að vakna til lífsins á hinum ótalmörgu hnöttum – í gormkenndri þróun upp á við frá einu tilverustigi til annars, og breytandi sjálfum sér á leiðinni frá stjörnu til stjörnu. En í ljósi yfirvitundar eru þessar lífverur eilíflega hinar sömu.

Rúm, tími og dauði geta aðeins á ytra borði aðskilið þær verur sem saman eiga – ekki hið innra. Í ríki yfirvitundar er allt hvað öðru óaðskiljanlega tengt og sameinað.

Þessvegna geta engar geimvíðáttur aðskilið okkur Magnana. Engin tímabundin takmörk hindra okkur, og enginn dauði getur okkur nokkru swift. Ekkert getur rofið samband okkar við alheildina, því að allt, sem lifir, myndar órofa heild, óháða öllum gervitakmörkunum.“

Mér fannst ég verða þess áskynja, að Samana væri með hugsunum sínum að lyfta því sem ég hafði náð að skoða, á stig fullvissu. Nánari bendingar hans brugðu því, sem mig hafði áður óljóst órað fyrir, undir ljós skýrrar meðvitundar:

„Þú hrífst af för forfeðra okkar um víðáttur geimsins. En allt það tilheyrir liðnum tíma. Nú orðið þurfum við engra ytri hjálpartækja við til þess að geta verið nálægir þeim verum sem skyldastar eru okkur á öðrum hnöttum né til þess að dvelja með þeim eftir vild.

Samband okkar við þá, sem eru okkur skyldastir á öðrum hnöttum, hefur nú um langar aldir ekki byggst á neinum geimferðum eða öðrum ytri hjálpartækjum, heldur á huga okkar og vilja. Við brúum geimdjúpin ekki lengur á utanverðunni heldur að innan – samstilltir vilja hins Eilífa, en andi hans starfar í víðheimum, og jafnframt því ríkir hann í innstu hræringu huga okkar.

Hinar óendanlegu víðáttur geimsins, sem þú fékkst að skoða, og flestir jarðarbúar óttast enn að horfast í augu við, þær þýða í rauninni ekkert, því að þær eru gervimyndir . . . Í veruleikanum, í

djúpi tilverunnar er allt eitt, þó svo að þúsundir og milljónir ljósára aðskilji það.

Þú ert nú vel farinn að vita um það, hvernig hugurinn getur verið hvar sem er. Við vitum af þessum yfirburðum hugans og neytum þess, hve máttugir þeir eru og stórkostlegir til að vinna bug á tálsýnum og takmörkunum.

Gagnstæðar millibilum geimsins og tímabilum tíðarinnar eru samvistir og samtímun hugar og vilja. Hinn allsstaðarnálægi yfirheimur er það, sem gerir okkur kleift að byggja brýr yfir geimdjúpin milli stjarna og vetrarbrauta. Því að í yfirheimi eru engar fjarlægðir heldur eingöngu 'hér' og 'nú'.

Þessvegna eru einnig *Satjar*, sem drottna í eðlisríki yfirheims, æ og ævinlega hjá okkur, ef hugsun frá okkur snertir þá.

Í samanburði við þá erum við, hvað sem líður mætti okkar og vegsemd, ekki annað en undanfari hinnar fullkomnari líkömnunar guðlegra hugargneista, og eru þeir á þeirri leið, sem liggur til að gera sjálfan sig að veruleika og guði líkan, langt á undan okkur.

* *

Þessar síðasttöldu hugsanir, sem mér bárust frá Magnanum, gáfu mér enn með fyllsta skýrleik til kynna, hvernig allt líf er þrá eftir aukningu, hækkun í átt til hins eilífa og guðlega.

Sá skilningur færði mér gleði, að slíkri þrá mundi einnig verða svarað meðal okkar mannanna í svo ríkum mæli að glæstustu vonir okkar yrðu í samanburði við það að engu:

Og meðan ég beindi sjónum huga míns fullur lotningar að hinum ljómandi tindum guðlegrar sjálfsfullkomnunar, bærðist með mér sú von, að fá að vita meira um verur þær sem Turiya hafði þegar minnst á við mig: og bera nafnið *Satjar*.

„Frá mínum bæjardryum séð“ sagði ég í huganum við Samana, „eru Magnar guðlegir örlagavaldar, og ljóst er, að einungis að mjög löngum tíma liðnum muni jarðarmenn ná þroskastigi þeirra. Hitt er mér nær óskiljanlegt að til séu enn æðri verur í alheimi, þær sem þú nefnir 'Satja'.

„Satjar“ hljóðaði svar Samana, svo sem það kæmi til mín úr fjarska, „eru í óendanlegu alheimshafi skínandi sólna og gegnagnaðs lífs, sjálfir geislandi stjörnur – sólar hins eilífa, þar sem eldur alheimsviljans logar gláðast . . .

. . . Þeir eiga heima í ríki hinnar æðstu víðáttu yfirtilverunnar, þar sem rúm, tími og líf hljóma saman og samstillast í ævarandi nálægð við guð – þar sem tilvera og meðvitund og alsæla, – eigin

tilvera og tilvera alls annars er orðið að einu, þúsundfalt fullkomlegar en með okkur Mögnum.

En allt eins og vera, sem aðeins lifði í flötu blaði meгнаði ekki að skilja þrívíðan líkama, þá er yfirtilvera Satjanna þér sem stendur ekki skiljanleg. Það er ekki unnt að gera þér skiljanlegt, hvernig lýsandi vera hugsar og lifir, sú sem gerir sér alla hina óendanlegu alheima og yfirheima að lifandi *heild* . . . Þar er um að ræða veru, sem geymir í viljaafsvæði sínu vetrarbrautir vetrarbrauta . . .

Í þeim eru tvennskona aðallögmál víðheimsins: hin kyrrvirku og hin aflfræðilegu, sameinuð: Á annan veginn eru þeir sífelld að ná æðri skoðun á hinu guðlega, á hinni sólbjörtu guðsmynd innri sjónar og samstillingu við vilja hennar . . . og á hinn bóginn eru þeir furðulega fullkomnir í því að skapa með hinum Eilífa: Alvaldar eru þeir, hugsterkir heimsköpuðir, og í huga þeirra verða áramilljónir að örskotsstundum . . .

. . . Í snertingu okkar við yfirvitundarríki þeirra höfum við Magnar lært að sjá með augum þeirra: hvernig jafnframt tíma-bundnum tilverumyndum er einnig fyrir hendi frá fyrstu byrjun yfirtilvera óbundin af tímanum en útgeislanir hennar fela í sér líkamsbundna tilveru okkar, þá sem enn er . . . En í hinu dýpsta eðli okkar eigum við rætur í þessari svípstund og sameiginlega stað alverunnar, og í ljósi eilífðarinnar lítum við á allt hið stundlega einungis sem tákni og bendingar hins æðsta. En þó er það allt nauðsynlegt sem hluti af því, hvernig hið guðlega birtir sjálfst sig í okkur. En fyrir hinu guðlega er tíminn ekki neitt og hinn óendanlegi herskari víðheima og yfirheima aðeins hugsun hinnar æðstu veru . . .

. . . Að ganga út í þetta takmarkalaus frelsi hins óumbreytanlega er byrjun þess að komast á stig yfirtilveru, en á þeirri leið fela einstök stig vitkunarinnar í sér þúsundfalt meiri dásemdir og sælu en hin líf- og heimsfræðilegu þróunarstig, sem við eigum að baki okkar . . .

Vegur þróunarinnar, sem við Magnar höfum að baki lagt, er svo sem ekki neitt í samanburði við eilífarbraut Satjanna, sem liggur upp í ljóshaf yfirheimsins, það sem jafnvel slær ofbirtu í augu okkar, sem vön erum guðlegu ljósi . . .

Ógerningur er að setja 'fram' það sem gerist á æðstu stigum eilífðarbrauta, með hugsunum og hugtökum því að slíkt stendur á bakvið allt, sem kemur fram' . . ."

(*Framh.*)

Þorsteinn Guðjónsson þyddi.

Erindi og greinar:

FJARRÆNIR GESTIR Á KANADÍSKRI GRUND

Það var einn sólbjartan vormorgun árið 1941, að ég stóð einhvers staðar úti fyrir verkstæði mínu í Lac Beauport í Kanada, ásamt Húnfrey syni mínum, og vorum við eitthvað að tala um

Það var einn sólbjartan vormorgun árið 1941, að ég stóð einhvers staðar úti fyrir verkstæði mínu í Lac Beauport í Kanada, ásamt Húnfrey syni mínum, og vorum við eitthvað að tala um rafsegulöldur í sambandi við sólina. Verður þá syni mínum litið upp og hrópar hann upp yfir sig: „Hvað er að sjá þetta í sólunni?“ Ég leit til austurs og féll í stafi af undrun. Í miðri sólunni var að sjá svartan hringlaga blett, svo stóran að hann tók yfir fjórðung af þvermáli hennar. Var þetta miklu stærra en svo að sólblettur gæti verið, auk þess sem það var á hreyfingu. Við fylgdumst nákvæmlega með því hvernig þetta færðist upp að efri rönd sólarinnar, en þar hvarf það okkur hreinlega sjónum. Annað sáum við ekki þann dag, og fór ég snemma að háttu um kvöldið. En ég gat ekki sofnað, einkennileg þrúgandi tilfinning þess að eitthvað óvenjulegt væri í vændum lagðist yfir mig eins og mók eða svefnhetta. Ég stóð upp og klæddi mig og gekk út. Ég leit upp, og alls staðar ljómuðu hinar alskæru stjörnur. Ég gekk aftur inn og ætlaði að fara að lesa, en það varð ekki, því skyndilega hringdi bjallan á Tesla viðvörunartækinu ákaft. Ég stökk út og sá í fyrstunni ekki annað en hinar ljómandi stjörnur uppi yfir mér. En þá varð mér litið til fjallshlíðarinnar og kom hún mér nú undarlega fyrir sjónir. Það var eins og dimmara væri þar nú en venjulega. Vissulega var svo, því það var eins og eitthvert geysistört bákn skyggði á hana mestalla. Ég lagði af stað í áttina þangað sem þetta var, en þegar ég kem á móts við hlöðuna, veit ég ekki fyrri til en tveir menn standa frammi fyrir mér, báðir einar þrjár álnir á hæð, og í hinu bjarta stjörnuskinu greindi ég vel bláa litinn í augum þeirra og gullslitinn á hárinu. En það sem hreif mig mest var hvernig þessir menn virtust eins og

geisla frá sér fullkominni heilbrigði og lífsfögnuði, og jafnframt því fann ég streyma frá þeim svo ríka góðvild, að hafi einhver ótti komið að mér við hina óvæntu heimsókn, þá hvarf hann mér nú eins og dögg fyrir sólu. Mér varð undireins ljóst að þessir gestir, sem voru í gráum hlífðarsamfestingum, væru komnir frá öðrum hnetti.

Það vakti undrun mína að þeir voru berhöfðaðir, hvorki með hjálma né annan útbúnað, og virtist þeim vera alveg eðlilegt að anda að sér jarðnesku lofti. Ég hef síðan verið spurður hvort þessir aðkomumenn hafi ekki verið frábrugðnir okkur jarðarbúum að sköpulagi á einhvern hátt, en ég get ekki annað sagt en að ég sá engan slíkan mun – og því skyldi það heldur vera? Erum við ekki allir myndaðir á sama máta, eftir hinni guðlegu fyrirmynd? Einn mannanna talaði til mín á ágætri ensku, og sagði:

„Góðan daginn, Arthúr Mathews. Megum við koma með þér inn á verkstæðið þitt?“

Hafi ég undrazt þetta ávarp, þá dró það ekki úr undrun minni sem á eftir kom:

„Við komum frá öðrum hnetti og ætlum að sjá hvað þú ert að gera við uppfyndingarnar hans Tesla.“

Ég var sem yfirkominn af undrun og gat ekki annað en stamað:

„Hvernig á ég að geta trúað því að þið séuð frá öðrum hnetti?“

Sá, sem virtist vera fyrirliðinn, svaraði stillilega:

„Þegar þú hefur séð farkost okkar, muntu trúa okkur. En áður en við förum ætla ég að teikna upp fyrir þér vél, sem Tesla hefur fundið upp til að stöðva styrjöldina. Enginn maður hér á jörð, annar en þú, fær að vita leyndardóm hennar. Ætli þetta dugi ekki til að sannfæra þig?“ Með fáum, öruggum pennadráttum, dró hann upp mynd fyrir mér, sem virtist vera ómótmælanlega rökrétt. Síðan sýndi ég þeim verkstæðið og skýrði þeim stuttlega frá því sem ég var að vinna í framhaldi af uppgötvunum Tesla. Þeir sögðu ekki neitt, og skildist mér að þeir væru ánægðir með þetta starf hjá mér. En svo sögðu stjarnbúar, að nú ætluðu þeir að bjóða mér út í geimskipið. Við gengum í áttina að hæðinni, sem liggur að landareign minni, og áður en varði hafði ég fyrir furðulostnum augum mínum þetta afarstóra farartæki, sem ekki var líkt neinu sem ég hafði áður séð. Ég ætlaði varla að trúa augum mínum, en förunautar mínir gátu ekki dulið hve skemmt þeim var yfir undrun minni. Geimskipið, sem þarna sat, virtist vera úr gráleitum málm, og var eins og það væri myndað af tveimur afarstórum diskum eða

skálum sem lagðar voru saman um barmana, en um 50 cm fyrir utan þá brún sem þannig myndaðist, lá einhver hringur af efni ger (sem ég heyrði síðar nefndan „verndarhring“), og sá ég ekki að hann væri áfastur farartækinu á nokkurn hátt, og bjóst því við að honum væri haldið uppi af segulkrafti. Í gegnum miðju farartækisins stóð eins og ávalur möndull, um hálfur annar metri í þvermál og átta metrar á lengd, og stóðu endarnir báðum megin út frá hinum samloka skálum, en þær voru um 18 metrar í þvermál. Ég sá nú hvar dyr opnuðust á þessu mikla flugtæki, þar sem það lá á jörðunni, og út komu tveir af áhöfninni og lyftu höndunum í kveðju-skyni. Förunautar mínir buðu mér nú innfyrir til að skoða farkost sinn, og gengum við inn í lyftu nokkurs konar, sem mér var sagt að ekki hénghi í neinum streng, og að hugaraflið réði ferð hennar! Við komum fyrst við á neðstu hæð, en þar voru meðal annars geymd hin 24 smærri flugtæki, sem móðurskipið bar með sér, auk nokkurra annarra farartækja og annars útbúnaðar. Á annari hæð voru vistarverur áhafnarinnar, blómagarður, hvíldarsalur, lestrarherbergi og fundarsalur. Vistarverur voru rúmgóðar íbúðir einstaklinga og hjóna, (því að áhöfnin var bæði karlar og konur) og var í hverri íbúð svefnherbergi, rúmgóð stofa og annað sem hafa þurfti. Öll herbergin höfðu nokkurs konar veggklæðningu og fallegar myndir hénghu á veggjum. Ég fékk að sjá að útveggur hverrar dagstofu var í rauninni einn gluggi, svo að fullkomið útsýni var í þá átt sem hann sneri. Að innanverðu lágu dyr frá hverri íbúð fram á blómum skreytt garðsvæði. Þegar hér var komið hafði ég orð á því að ég hefði ekki séð neitt eldhús, en ég fékk það svar að þeir syðu aldrei mat sinn og teldu það til skemmda á honum að gera það. Það sem til matar þurfti að hafa væri ræktað innanborðs og étið nýtt. Þegar við komum í hvíldar- og æfingasalinn, sá ég að gólfið var völlum vaxinn grængresi og voru nokkrir menn þar af áhöfninni að leika nokkurs konar körfuknattleik.

Gafst mér tækifæri til að virða þessa stjarnbúa betur fyrir mér, og sá ég þá að þeir voru um 180–190 cm á hæð, þeir voru bláeygðir, hörundsliturinn gulbrúnn eins og af sólbruna, og hárið bjart, allt frá gullgulu til rauðjarps. Allir virtust þeir ljóma af hreysti og augu þeirra gneistuðu af heilbrigðri lífsgleði.

Þegar við komum upp á þriðju hæð, sá ég að þar var garðræktardeildin, þar sem allt var ræktað, sem þeir höfðu sér til viðurværis og einnig voru þar fagarar garðstofur, þar sem menn gátu tekið sér máltíðir. Á fjórðu hæð var enn komið fyrir minni háttar farartækj-

um, þungavöru, vatnsgeymum og öðru, og ennfremur voru þar nokkur verkstæði. Á hverjum vegg var hringlaga útsýnisskermur, þar sem sást út í víðan geiminn, og ennfremur nákvæm afstaða geimfarsins til reikistjarna og fjarlæggra sólstjarna, ásamt farbraut þess um geiminn – en þessari síbreytilegu mynd var sífellt útvarpað frá stjórnturninum til allra myndskerma geimfarsins. Mér var líka sagt að í veggjum þess væru tæki til að safna sólarorku, sem síðan sæju því fyrir nægu ljósi og orku til allrar hitunar og kælingar og loftræstingar.

Eftir þetta fórum við í lyftunni upp í enda möndulsins, en þar var mér sagt að stjórnklefi geimfarsins væri. Ég var undireins búinn að hugsa mér alls konar margbrotin tæki og útbúnað til að hafa stjórn á öllu þessu mikla farartæki, en mér til mikillar furðu, sá ég þarna engin stjórntæki eða mælitæki. Í miðjum stjórnklefanum stóð hringlaga smápallur eða stólpi, klæddur að utanverðu eins og stólbak, en tvær konur og tveir karlmenn sátu umhverfis það og sneru bökum að því og horfðu út úr klefanum í hinar fjórar höfuðáttir. Var mér sagt að þessir fjórir athugendur, sem valdir væru til þessa með sérstöku tilliti til hæfileika sinna, stjórnðu og stefndu öllu hinu mikla farartæki með hugarorku sinni! Mér virtist þetta alltof ótrúlegt til að geta verið satt, þangað til ég minntist orða Biblíunnar um það að hugurinn flytji fjöll. Leiðsögumaður minn fór nú með mig niður á neðri hæð og kynnti mig fyrir yndislegri konu, sem hann sagði vera æviförunaut sinn. Hún var með sanni hin fegursta kona með leifrandi blá augu, gullgult hár og af andlitinu bjarmaði einhverri þeirri tign eðlisfarsins, sem unun var að sjá og vita af. Hann stóð við hlið hennar og sagði á látlausan hátt: „Þú gætir kallað okkur Sannan og Sanna (eða Frank og Frances), því að erindi okkar er að styðja sannleikann.“ Ég sá nú að hún hafði tekið sér sæti hjá stórum, auðum myndaskermi, og nú beið mín ný furða, því að hún fór nú að sýna mér hvernig hún gat látið hugrenningar sínar birtast á tjaldinu í myndasýningum eins og á kvikmyndatjaldi. Mér til undrunar var fyrsta myndin af sjálfum mér þar sem ég var að koma út úr húsi mínu, og fylgdi þar á eftir sá atburður að fundum mínum bar saman við hina tvo stjarnbúa. Síðan komu myndir af heimahnetti þeirra sjálfra, af mannfólkinu þar, húsum og borgum, og ég stóð þarna hugfanginn yfir þeirri dásamlegu náttúruvegurð, sem bar mér fyrir augu.

En jafnframt þessu varð ég áskynja um furðulegt ástand sem komið var á og öðrum mun óefað þykja eins ótrúlegt og mér sem

reyndi það, og efumst við jafnt fyrir því þótt við megum vel vita um vald hugans yfir efninu.

Því að jafnframt því sem ég, Arthúr Mathews, var mér þess fullkomlega meðvitandi að ég stóð föstum fótum á gólfi geimfars á landareign minni í Lac Beauport í Kanada, þá var ég nú skyndilega orðinn þátttakandi í lífi því og umhverfi sem mér höfðu birtá myndatjaldinu, á hinum órafjarlæga hnetti hinna gestkomandi vina. Þetta var vissulega mikill leyndardómur, því að hér gat ég ekki aðeins séð þessa gesti mína heldur einnig þreifað á þeim eins og hverjum öðrum líkamlegum verum. Ég þóttist standa á barmi víðáttumikillar dædar, sem var eins og bolli að lögun, en á allar hliðar var dædin umlukt háum, beinum basaltsúlum, sléttum og reglulegum eins og mannshönd hefði fægt þær. Við annan enda þessa stórbrotna sjónarsviðs steiptist voldugt vatnsfall af hárrí hamrabrún, þrjú hundruð metra fall niður á botn skálarinnar, og varð þar mikill strókur af löðri og úða. Mér varð nú lítið yfir allt vatnið og sá þá að það var aðeins við hina klettóttu strönd þess, sem það myndaði löður. Að öðru leyti var vatnið spegilkyrrt og dróst þó um miðjuna upp í bungu, sem líktist lágri, reglulegri glerhvelfingu. Reyndar var þetta vatn nokkuð öðruvísi á að líta en við eigum að venjast, því að furðulega samsett lifandi litbrigði þutu yfir bjartan vatnsflötinn í sífellu, sem stundum brá meir til rósrauðs eða græns eða fjólblás, en stundum blönduðust saman í marglitum regnbogabjarmar. Þetta óviðjafnanlega, stórkostlega sjónarsvið var eins og bryddað með skærgrænum kraga þar sem var grassvörðurinn meðfram dældinni og hér og þar drúptu krónur pálmatrjáa sem glitruðu af úða, sem fallið hafði á blöð þeirra.

Varð mér nú lítið til lofts, og stóð ég þá sem höggdofa af undrun, því að fyrir ofan fossinn sveimaði skínandi, hnattlaga hlutur, líkastur risavaxinni sápuvílu, gagnsær en glitrandi af litbrigðum. Um hann miðjan lá breiður hringur af gullnum málmi. Út frá þessari gjörð stóðu til beggja enda hnúðar eða útskot úr sama málmi, og við þá voru tengdir með vírum, einhverjir litlir bollar, sem svifu í loftinu neðan undir þessu loftfari. Þegar það tók að færast mér nær, sá ég að á hringnum um miðjuna opnuðust allt um kring hringlaga gluggar með eins konar glerrúðum og fram úr miðju hvers glugga stóð langur og beinn teinn eða nál, sem ég gizkaði á að væri til að gefa loftfarinu stefnu, og sá ég síðar að sú tilgáta var rétt. Þessi mikla kúla lækkaði flugið unz bollarnir undir henni snertu grasið, og drógust þá teinarnir inn í endahnúðinn. Þarna

sveif loftfarið um það bil þrjátíu sentimetra yfir jörðu og vaggði léttilega. Einn glugginn opnaðist eins og hurð og út gengu nokkrir menn.

Nú skipti snögglega um svið, og fyrir mig bar öldótt land líkast stórum trjágardi, þar sem pálmar stóðu í þyrpingum eða önnur tré hér og þar. Í fjarska gat ég greint bratta og dökka hamragarða, en yfir þeim risu snævi þaktar heiðar og tindar og þaðan liðaðist á niður á láglandið. Á miðju sléttlendinu, sem var um 150 kílómetra breitt féll áin fram í fagurt vatn, en þaðan rann hún áfram þangað sem hún steiptist ofan fyrir hamra ásbyrgisins, sem ég hafði fyrst séð. Þegar ég leit mér nær, sá ég að ég var staddur í prýðilega fagurri borg á hinum sama hnetti. Óteljandi byggingar stóðu allt umhverfis, en þó var rúmt þar, og trjágróðurinn átti rúm þar á milli. Enda þótt húsin væru misstór, var bygging þeirra í aðalatriðum hin sama, voru það sporbaugslaga kristalshvelfingar, sem stóðu á hringlaga súlnaröð af marmara. Yfir þökunum voru lítil loftför á flugi svo hundruðum skipti. Mörg hús stóðu á endum basaltsúlnanna, sem mörkuðu ánni rennsli, og víða sá ég fólk standa á brúnum hamraveggjanna.

Þá varð mér lítið þangað sem stóð mikil bygging með líku lagi og hinar minni og var mér sagt að þar væri samkomustaður stjarnbúa. Við gengum nú upp breiða og hæga stiga unz við stóðum skyndilega í miðju hringleikahúsi með hækkandi sætaröðum úr marmara og sat þar margt fólk. Þegar við komum, stóðu allir upp, réttu fram hendurnar í kveðjuskyni, og ég heyrði fólkið segja einum rómi: „Bræður! Við óskum ykkur góðs.“ Um leið og þetta var, gerði ég mér fyrst grein fyrir því, að þessir stjarnbúar höfðu engan fatnað, heldur stóðu eins og náttúran hafði skapað þá, en svo fagurlega voru þeir vaxnir, að ég fann ekki til neinnar feimni eða blygðunar og gat ekki annað en dáðst að hinni undraverðu líkamsfegurð. Frank leiddi mig til sætis í öðrum enda hins geysimikla ræðusalar og síðan hóf hann upp ávarp til mín:

„Vinur handan um geimdjúp, Arthúr Mathews jarðbúi, vertu velkominn. Íbúar stjörnunnar biðja mig að tala við þig af sinni hendi vegna þess að mér er töm tunga þín. Ekki höfum við leitt þig hingað af eintómri nýjungagirni, heldur af því að við vonum, að geta boðið mannkyni þinnar jarðar aðstoð í hinum miklu vandræðum sem þar dynja yfir. Við höfum ómetanlega gjöf að bjóða, gjöf sem við köllum sannleik, en áður vildum við biðja þig að segja okkur nokkuð um þann heim sem þú kemur frá. Segðu okkur

eitthvað úr mannkynssögu, um þjóðfélagsástæður, um vísindi og þetta sem þið kallið trúarbrögð, og við munum af því ráða hvort réttmætt sé að fela þér og ykkur á hendur ókunnan sannleik. Talaðu þína tungu því að allir munu hér geta numið hugsanir þínar. Ottastu það eitt að segja ekki satt, því að við þekkjum undireins satt frá ósönnu.“

Ég var hálf ringlaður af að heyra þetta allt, en stóð upp, og eftir stutta þögn tók ég til orða og sagði: „Stjarnbúar, ég þakka ykkur fyrir góðar viðtökur og fyrir boð ykkar. Ég veit ekki hver hún kann að vera þessi gjöf sannleikans, sem þið talið um, en ef ég má dæma eftir allri þeirri ljómandi hreysti, lífshamingju og fegurð, sem ég sé yðar á meðal, þá langar mig ákaflega til að vita þennan sannleika svo að við jarðarbúar getum eignast hlutdeild í honum. En áður en ég fer að segja ykkur af ástæðum á mínum hnetti, má ég þá fyrst bera fram spurninguna?“

Þeir kinkuðu kalli, og ég hélt áfram: „Hvers vegna hafið þið valið mig til þess að vera milliliður við jörðina? Ég er lítillsverður maður og nafn mitt er fáum kunnugt, og ég hef varla nokkurt vald eða mátt til að sannfæra nokkurn á jörðinni.“

„Við skiljum af hverju þú spyrð svona“, sagði Frank. „Við höfum valið þig af því að þú ert vinur Tesla og höldum þess vegna, að þú munir segja okkur satt. Að því er snertir uppruna þinn og aðstöðu, valdi þá ekki hinn óendanlegi verundur, sem við stjarnbúar trúum allir á – guð ykkar – mann af lágum stigum til að boða þann sannleik sem er hin kristna speki? Í biblíu ykkar mun standa: „Í upphafi var orðið“, eða sannleikurinn eins og við segjum, og þar er talað um þá ósk guðs að börn hans skuli trúa orðinu. Ef við tökum það ráð að fela þér á hendur þennan sannleik, þá mun guð vissulega sjá til þess að þér gefist færi á að koma orðinu áleiðis.“

Hræður í huga svaraði ég: „Í drottins nafni þá þakka ég yður.“

Síðan tók ég til eftir beztu getu að fræða stjarnbúa á því sem ég vissi um sögu jarðarinnar. Ég sagði frá hernaðarþróuninni, allt frá strengboga og sverði, fram til þeirrar fullkomnunar eyðileggingarmáttarins, sem átt hefur sér stað nú á dögum. Ég sagði nokkuð frá fornaldarsögunni eftir því sem ég vissi, og fór síðan fljótt yfir sögu fram til nútímans. Ég talaði um þjóðfélagsástæður, um tækniframfarir, einnig um læknisfræði, sálarfræði, heimspeki og trúarbragðasögu, og loks um vísindi. Fram að þessu höfðu hinir guðumlíku stjarnbúar hlustað á mig með óskiptri athygli, en þegar ég fór að reyna að skýra frá eðlisfræði nútímans, komust áheyrndur skyndi-

lega í mikið uppnám og stukku á fætur, og ég heyrði margfaldlega kallað á sannleikann. Ég gat ekki annað ætlað af þessu en að hugmyndir edlisfræðinga okkar þyrftu mikilla endurbóta við! En Frank sagði þeim eins og var, að ég væri aðeins að segja frá þessum hlutum eins og ég vissi bezt, og sefuðust þeir þá, en hann bað mig að afsaka þetta ónæði.

Þegar ég hafði lokið máli mínu, buðu þau Frank og hin yndisfagra Frances mér heim með sér, og mér til mikillar ánægju fóru þau með mér í flugferð á lítilli flugvél, þaðan sem ég naut eins og í draumi hinnar dýrðlegu útsýnar um landið sem við flugum yfir. Og þá gerðist það eins snögglega og ég hafði áður hraðflutzt til sjörnunnar, að nú vissi ég ekki fyrri til en ég sat að nýju í geimfarinu sem lent hafði á landareign minni í Lac Beauport í Kanada, frammi fyrir auðum myndaskermi.

Eftir því sem árin liðu og geimskipið hélt áfram að koma við í Lac Beauport, gat ég sífellt endurnýjað samband mitt við stjarnbúa með hjálp hins merkilega hæfileika Francesar til að fella mig inn í þetta umhverfi, sem byrjaði sem myndasýningar. Mér fór að þykja vænt um þá fyrir geðþekka framkomu þeirra og daglega hætti, fyrir geislandi lífsgleði þeirra, góðan hugsunarhátt og fagran líkamsvöxt. Ævinlega voru þau Frank og Frances gestgjafar mínir, og margar gláðar stundir átti ég með þeim, stundum á gangi um fagra trjálundi, þar sem stofnarnir voru ýmist rauðleitir eða þrúnir, en milt og ilmgott loftið lék um vit okkar. Stundum fórum við í furðulegar könnunarferðir með flugtækjum, en þess á milli sátum við um kyrrt í hinu fagra íbúðarhúsi þeirra með kristalsþakinu, áttum fróðlegar samræður um margvísleg efni, skiptumst á fróðleik um jarðstjórnur okkar, og sífellt var ég að kynnast betur hinu hófsama og samstillta lífi þessara gæfusömu stjarnbúa. Frank talaði opinskátt um allt sem varðaði líf þeirra þar á stjörnunni – nema eitt minntist hann aldrei á, en það var sannleikurinn. Með sjálfum mér gizkaði ég á, að þetta væri af því að sá tími væri ekki enn kominn, að þessi leyndardómur skyldi opinber verða.

Mig furðaði mest á því hve snilldarlega var komið fyrir ædstu stjórn mála á hnettinum, en hún var í höndum heldur fámennrar ráðsamkomu eða þings virtustu forystumanna, sem líktist einna mest stórrí fjölskyldu, tengdri böndum vináttu og eindrægni. Einnhverju sinni spurði ég Frank, hvort Frances væri eiginkona hans. „Nei, ekki í þeim skilningi, sem lagður er í það orð á þínum hnetti,“ svaraði hann. „Við höfum ákosið okkur það bæði að

verða ævinlegir félagar.“ „Þá hafið þið sjálf sagt látið sameina ykkur við athöfn hliðstæða því sem við köllum hjónavígslu?“ „Nei, hin sameiginlega tilfinning og ósk í hjörtum okkar gerir slík marklaus orð óþörf.“ „Er þá ekkert sem meinar ykkur að skilja hvenær sem vera skal?“ spurði ég. „Alls ekkert.“ „Þá hlýtur það sem við köllum hjónaskilnað að vera algengt á ykkar hnetti,“ leyfði ég mér að segja. Stjarnbúarnir ráku upp skellihlátur. „Álíka algengt og það er að rósín vilji brjóta stöngulinn, sem hún sprettur af,“ sagði Frances með sínu töfrandi brosi. „Ég skal útskýra þetta betur,“ sagði Frank. „Þegar stjarnbúar taka upp ástarsamband, þá er það, vegna þekkingar á sannleikanum, óhugsandi að þeim verði mistök á, því að þau finna hvernig eðli þeirra á saman, og því verður samband þeirra ævinlegt. Það er sorglegt að á ykkar hnetti hefur fólk ekki þekkingu á þessum hlutum, því að svo gæti virzt sem hin bindandi formsatriði ykkar væru merki þess, að maður og kona efist um tilfinningar sínar“.

Einhvern tíma þegar við liðum í loftfari yfir skógi vaxna sveit, hafði ég orð á því að hvergi væri neina grafreiti að sjá og að aldrei hefði verið minnt á dauða í neinni mynd í samtölum okkar. Frank svaraði með því að spyrja: „Hversu gamall ert þú, Arthúr?“ „48 ára.“ „Hver er venjuleg ævilengd á jörðunni?“ „70–100 ár.“ „Þá áttu sennilega eftir að undrast þegar ég segi þér að ég man orðið 800 sumur og Francis meir en 650.“ „Þú hlýtur að vera að gera að gamni þínu,“ hrópaði ég upp yfir mig, því að veikindi og elli draga úr lífsaflinu, og oftast líður hann undir lok áður en 100 ára aldri er náð.“ Frank hristi höfuðið. „Þar sem við neytum þekkingar okkar á sannleikanum, verða hér hvorki veikindi né dauði. Vissulega skiljumst við að lokum við líkama okkar hérna, en ekki þó af því að þeir séu ónýtir orðnir, heldur af því að sá tími er þá kominn, að okkar bíður að flytja til annars hnattar. En nokkrir þeirra, sem sérstök þörf er fyrir hérna, svo sem þeir sem hafa sérstaka vizku til þess að stjórna málum hnattarins, geta lifað við beztu heilsu um þúsundir ára.“ – Ég var sem höggdofa af að heyra þetta, sem virtist langt fram yfir það sem jarðneskur hugur minn megnaði að veita viðtöku.

Og þannig endurtóku sig samfundir mínir við stjarnbúa, þar sem við skiptumst á fróðleik og ég skýrði þeim jafnan frá öllum endurbótum mínum á uppgötvunum Tesla, þangað til að lokum rann upp sá mikli dagur, að Frank sagði mér, að nú hefði ráðsamkoman afráðið að mér skyldi veitt hlutdeild í þekkingu sannleikans til þess

að ég gæti miðlað honum til jarðarbúa. Þið getið gert ykkur í hugarlund hver eftirvænting mín var, þegar ég vissi, að nú ætti loks að birta mér þennan leyndardóm. Þetta átti að verða, eftir því sem Frank sagði mér, í mesta helgistað stjarnbúa, höll sannleikans, sem hann nefndi svo, og enda þótt hann lýsti fyrir mér fegurð hennar, var ég næsta óundirbúinn að taka við öllum þeim dásemdum, sem þar áttu eftir að birtast hinum fáfróða jarðbúa!

Fyrst var ég leiddur fram á brún hengiflugsins, þar sem fljótið steiptist niður í hið djúpa gljúfur, og Frank gekk á undan eftir lækkandi hringstigaprepum, sem höggvin voru í hið fasta berg. Við gengum eftir þeim inn í göng sem lágu inn í hamarinn og komum út úr þeim fram á lítinn stall, sem var fyrir innan og undir fossinum þar sem hann steiptist niður í djúpið. Það fór hrollur um mig, þegar mér varð ljóst, að nú stæðum við uppi á einni hinna risavöxnu basaltsúlna, og ég verð að játa að ég skalf eins og hrísla. En Frank tók í hönd mér og leiddi mig nú enn niður önnur hringstigaprep. Enn héldum við lengra niður og sumstaðar lá stiginn alveg fram undir fossinn, en drunur hans urðu sífellt háværari eftir því sem neðar dró. Á eftir okkur kom fólk í röð, sem mér sýndist hvergi ætla að enda. Að lokum komum við í mikinn skúta niður undir vatnsborði og undir miðjum fossinum, en hið lifandi berg titraði allt undan átökum vatnsins. Við gengum inn um dyr sem voru undir fagurlega mynduðum steinboga og sáum þá, að við vorum komnir inn í mikla höll. Það var höll sannleikans. Þær dásamlegu sýnir sem þá blöstu við augum mínum orkuðu svo á mig að ég hrópaði ósjálfrátt upp yfir mig af gleði og undrun. Við stóðum þarna á breiðum berghleifi af dökku blágrýti en í miðju hans var mikil dæld eða skál, yfir 300 metra breið, full af litbrigðum geislandi vatni, sem hófst og bærðist líkt og óendanlega margfaldur regnbogi. Þegar ég fór að skoða betur kom í ljós að þarna var í raun og veru gólf myndað af lifandi kristalbergi og þegar ég leit upp sá ég að þetta endurspeglaði hina miklu vatnshvelfingu í hinu lygna stöðuvatni niður undan fossinum. Með einhverjum furðulegum hætti ofar mínum skilningi hélt þetta kristalgólf frá sér og uppi yfir sér, öllu hinu litgeislandi vatnsmagni sem þó var á sífelldu kviki og streymi, og spegladist neðra borðið í kristalnum þannig að litskrúðið margþúsundfaldaðist í öllum breytileik sínum. Þetta er hin mikilfenglegasta furðusjón, sem nokkurn tíma hefur fyrir mig borið.

Meðan ég horfði hugfanginn á þessa furðulegu sjón, hafði allt

yllt af fólki á basaltgólfinu, sem komið var til að vera viðstatt þennan fund. Frank rétti fram höndina í kveðjuskyni og sagði: „Vinur okkar frá stjórnunni jörð, öll sú birta og ljómi sem hér er að sjá er hluti af höll sannleikans, og hingað höfum við leitt þig, vegna þeirra skilyrða, sem hér eru til að birta þér þennan sannleik. Þú hefur sagt okkur sannlega frá þeirri stjörnu, sem þú kemur frá, og saga þín hryggir okkur. Þess vegna vonum við að þessi vitneskja sem við ætlum að veita þér, eigi eftir að bæta mjög ástandið á þínum hnetti. Misskildu okkur ekki! Það er ekki svo að við **tilbiðjum** sannleikann. Við tilbiðjum hinn Eina sem enginn maður þekkir. Hvað sannleikann snertir, þá vitum við ekki, hvaðan hann kemur – heldur aðeins að hann er um alla heima og geima og býr í öllum hlutum. Hann er ekki neinn sérstakur eiginleiki sem búi á okkar stjörnu einni – heldur er öllum frjálst og fært að leita hans um gervallan alheiminn. Þú hefur sjálfur sagt að þú hafir þekkt sannleikann um langt skeið, en þú hefur þó ekki áttað þig á hvernig honum er varið. Hefurðu ekki sagt að vinur þinn, Tesla, hafi uppgötvað geimgeislann og notfært sér hann? Þessi geisli er sannleikurinn, vinur minn, sá sem við köllum einnig afl lífsins. Hann er það innsta eðli sem viðheldur öllu lífi og hreyfingu, í mönnum, dýrum, jurtum og steinum. Hann er sú hreyfing sem svarar til hugar eða anda alls lífs, og hafi menn einu sinni lært að notfæra sér þetta náttúrulegumál réttilega, þá nær hver hugur að skynja annan í sannleika, þannig að ekkert getur misskilizt. Á þennan hátt er það sem við skiljum þig, þó að þú talir mál þitt, enskuna, því að við sjáum ekki aðeins hið ytra form eins og þið gerið, heldur einnig hugsunina sem vakir að baki orðunum. Það er vegna skilnings okkar á sannleikanum, sem við megum njóta langrar ævi við fulla heilsu, hamingju og samstillingu, og það er þess vegna sem við getum með hugsuninni einni myndað geimför okkar og stýrt þeim, og einnig myndað öll þau tækniundur sem þú hefur séð, reist fögur hús með öllum þægindum og nauðsynjum, umbreytt landslagi eftir þörfum og aukið uppskeru, haft áhrif á veðurfarið og afstýrt náttúruhamförum, – í stuttu máli, umbreytt hnetti okkar í jarðlegt himnaríki. Allt þetta munu jarðarbúar, vinur minn, geta leikið eftir, ef þeir læra að skynja sannleikann og færa sér hann í nyt.“

Þorsteinn Guðjónsson þýddi.

UM GREININA „FJARRÆNIR GESTIR“

Ritstjóri Lífgeisla hefur beðið mig að fara nokkrum orðum um þessa grein Arthúrs Matthews, sem ég þýddi fyrir tímaritið Úrval árið 1969, og skal það fúslega gert.

Enda þótt ég dáist að mörgum flugdiskamönnum, og lesi með áhuga margt sem þaðan kemur, veitir ekki af að taka það fram, oftast en einu sinni og oftast en tvisvar, að skilning minn á fyrirbærunum og hreyfingunni, byggji ég á undirstöðu Nýals. Frá árinu 1957 – og sérstaklega frá 1969, þegar flogið var til tunglsins – hafa jarðarbúar verið mjög hugfangnir af geimskipum. Ávinningurinn af þessari geimferðaöld hefur líka verið sá, að hugur manna hefur nokkuð færst nær stjörnunum, og ýmsir hleypidómar í því sambandi hafa þokað. En þó hefur ekki orðið sú framför í heimsóknum stjarnmanna sem sumir höfðu vonað. Ástæðuna tel ég vera þá að hinir merku stjarnlífsvinir meðal jarðarbúa, höfðu ekki nógu mikla þekkingu og skilning á þessum fyrirbærum sem þeir voru að horfa eftir: **Þeir héldu að þetta væru geimskip**, sem stýrt hefði verið um ljósáraleiðir, frá einu sólhverfi til annars. Með þessu komust þeir í mótsögn við hinn óralanga flugtíma sem slíkt ferðalag (ef það væri mögulegt) mundi taka, og þá var hægt að beita Einstein á þá, sem sagði að ljóshraðinn væri óyfirstíganlegur. Þetta er þröskuldur sem verður að yfirstíga, ef mannkynið á lífi að halda.

Afar athyglisvert er nú hvernig kemur fram í þessari frásögn að þegar gestirnir fóru að afla sér upplýsinga um hagi og hugmyndir jarðarbúa, hjá Arthúr Mathews, þá er það ekki þróun hernaðartækninnar sem hneykslar þá mest – við slíku munu þeir hafa búizt – heldur ástand **eðlisfræðinnar**. „Þegar ég fór að reyna að skýra frá eðlisfræði nútímans komust áheyrendur skyndilega í mikið uppnám og stukku á fætur og ég heyrði margfaldlega kallað á sannleikann.“

– Sá sem eyru hefur hann heyri – hefði ég viljað láta bæta við. Nikola Tesla, hinn mikli brautryðjandi rafmagnsfræðinnar, um aldamótin var Króati, sem fluttist til Ameríku. Sumir telja hann jafnoka Edisons eða betur, Matthews var einn af lærisveinum þessa ágæta brautryðjanda, bæði í heimspekilegum efnum og

tæknilegum. Lengi lifði þessi hreyfing hans Tesla þarna í Kanada, en hvað um hana hefur orðið á síðari árum veit ég ekki. Hiklaust má telja Tesla einn af ágætustu framfaramönnum þessa mannkyns, gegn Einsteinsku og öðru sem til heljar dregur.

Ljóslega ber þessi frásögn A. Mathews það með sér að gestir hans réðu yfir hraðsamböndum til annarra stjarna, og á þess háttar hraðsambandi mun öll heimsóknin hafa byggzt. — En hvað af þessu er líkamsningsfyrirbæri (farkostir geta líka efnast og afefnast) og hvað skyggisamband, eða jafnvel fjarflutingur einstaklings er mál sem mjög er þess vert að athuga, og skal þó lítið við það átt að þessu sinni. Þó má undireins benda á það, að flugfar sem var 18 metrar í þvermál, hefur naumast getað rúmað allt það sem síðan er sagt að hafi verið þarna innan borðs, og má því ætla að fjarsýnir hafi komið þarna a. m. k. meira til greina en Arthúr Mathews gerði sér grein fyrir, að því er virðist við miklu stærri geimferju en þá sem hann hafði haft fyrir augum á hóli sínum.

Sönn hugfró var mér að lesa þessa frásögn Mathews á sínum tíma og þýða hana. Vona ég að enn megi einhverjir njóta hennar og tileinka sér boðskap hennar. Samanburður við K. O. Schmidt gæti líka verið að ýmsu leyti fróðlegur.

Það er athugandi að Tesla varð fyrstur allra vísindamanna til að ljósmynda lífgeislahjúp mannsins (um 1900). Hann tók mynd af manni í hátíðni-aflsviði, og kom þá fram lífgeislamynd mjög áþekkt því sem síðar hefur náðst með Kirlian-tækni. (Á dögum Tesla var þessi myndunartækni mjög hættuleg, og varð þar ekki framhald á.). Andstæðingar sannleiks og framfara í þesum efnum hafa með mikilli gleði bent á, að þessi bjarmi væri aðeins sérstakt raffræðifyrirbrigði (kórónufyrirbæri). En ég hélt því fram í „Líf er á öðrum stjörnum“ (1974) og jafnan síðan, að geislunarformið, sem sýnir sig í kraftlínunum, væri kjarni málsins, miklu meir en bjarminn sjálfur (þó merkilegur sé). Það er þetta aflsvæði, sem samstillist lengra-
komnum þegar vel tekst til, og reyndar draumgjafa að einhverju leyti á hverri svefnstund. Lífgeislunin er, eftir þessum skilningi, það sem miðlar áhrifum milli aflsvæðanna um hinar óralöngu leiðir. Þetta er það sem stjarnbúarnir áttu við með því sem þeir segja um „geimgeislann“ á bls. 54 hér að traman — eins og hver lesandi getur sannfært sig um. Það er vitneskjan um lífgeislann og sambandsmöguleika hans sem bjargar mannkyninu að lokum, — ef það á fyrir sér að bjargast.

Þorsteinn Guðjónsson.

ÚR HYLDÝPI EIGIN DÓMS

I

Enginn dómur er eins þungbær og dómur eigin samvisku, því hver einn finnur með sjálfum sér, að hennar dómur er réttlátur og að undan honum verður ekki vikist.

Samviskan veitir engin grið, þeim, sem brotlegir gerast við lögmál lífsins, uns brotið hefur verið bætt með eigin þjáningu, andlegri og/eða líkamlegri og hugarfarsbreytingu.

Samviskukvöl getur orðið flestum kvölum sárari og langærri.

Sá sem með illu hugarfari hefur varið miklum huta ævi sinnar til illverka, á oft fyrir höndum ólýsanlegar þjáningar, í víti annars hnattar, eftir dauða sinn hér á jörð.

Illmennið dæmir sjálfan sig til alls þess er hann verður að þola, eftir að héðan er flust.

Enginn losnar undan eigin dómi og þeirri þjáningu sem honum fylgir, fyrr en breyting á sér stað í eigin huga. Þá fyrst getur farið að rofa til.

II

Enginn getur, af einum saman eigin rammleik, frelsast undan þjáningaoki eigin dóms. Til þess þarf utanaðkomandi kærleikskraft. Sá kraftur er til og hann nær að verka á hinn illa setta, þannig að hugarfarsbreyting verður hjá honum fyrr eða síðar.

Enginn er svo illur að ekki blundi einhver ögn hins góða, djúpt í hugarfylgsnum hans, því hver maður hlýtur guðlegt veganesti í vöggugjöf.

Þegar hugarfarsbreyting verður hjá hinum vonða, vaknar hinn guðlegi neisti af dvala í sál hans. Og það er aðeins vegna þessa guðdómsneista, sem nú hefur glæðst eftir miklar þjáningar, sem hinum illa stadda manni getur borist hjálp frá háþroska verum, sem beita kærleika sínum honum til bjargar. Þá fyrst getur virkt samband komist á milli hans og þeirra.

Hinir guðlegu hjálpendur beita allri orku sinni, til að bjarga hinum glataða úr því víti, sem hann sjálfur hefur dæmt sig í, með alrangri lífsstefnu sinni.

Löng verður leiðin og erfið, þeim sem lent hafa í víti einhvers hnattar, að komast þaðan upp til lífs og ljóss, en með eigin viljastyrk og kærleiksríkri hjálp hinna lengra komnu, mun það takast að lokum.

Mikill er fögnuður þess, sem bjargast úr víti, og mikill er fögnuður hjálpendanna, sem tekist hefur að bjarga honum.

III.

Í biblíunni stendur: „Þá mun verða meiri gleði á himnum yfir einum syndara, sem gerir iðrun, en yfir níutíu og níu, sem ekki þurftu iðrunar við“.

Hverju er verið að segja frá hér?

Ég hygg að hér sé verið að segja frá björgun manns úr víti. Það kostar hina lengra komnu, þá sem heima eiga á himni, þ. e. a. s. á einhverri lífstjörnu á framfaraleið, — óumræðilega aflraun, að bjarga hverjum einum úr víti einhvers hnattar. Afrek er hér um að ræða, meira en við menn fáum skilið. Því er fögnuður himinbúa, — hinna guðlegu íbúa framfarahnatta, — ólýsanlega sterkur og einlægur, að unnu slíku afreki.

Líklegt er, að slík aflraun verði ekki unnin nema með samstilltu átaki og samstillingu nær óendanlega margra háþroskavera margra slíkra þjóða og mannkynja og því skiljanlegt að gleðin verði mikil að unnum sigri.

Helvíti er þar, sem þjáðst er og dáíð og því verra sem vítið er, því síður ná guðdómsgeislar hinna lengra komnu, að koma sér þar við.

Tilgangur hins æðra lífs, er að tæma öll víti. Alsigur lífsins verður ekki fyrir en slíkt hefur tekist.

Mannkyn jarðar okkar stefnir í vítisátt. Takmarkið er að breyta hér um stefnu, svo að enginn þurfi að gista í víti annars hnattar eftir brottför sína héðan. Áhrif frá vítum annarra hnatta streyma til jarðar okkar. Hin mesta nauðsyn er á, að verjast þessum áhrifum. En til þess að það sé unnt verður að vita um tilvist þeirra.

Taka þarf upp nánari sambönd við háþroskaverur annarra hnatta og styðja vitandi vits viðleitni þeirra til bjargar mannkyni jarðar okkar.

Hver og einn þyrfti því að vera með í þeirri viðleitni, en ekki á móti.

Ingvar Agnarsson.

LÍFSBLIK

Sólir blika í bládjúpum geimsins, þúsundum saman. Víst má telja að einnig þar séu lífhæfir fylgihnettir, sem við ekki sjáum. Á mörgum þeirra mun lífið vera komið á margfalt hærra þroskastig, en við menn getum látið okkur til hugar koma.

Lífgeislan streymir stöðugt frá máttugum mannkynjum annarra sólhverfa. Orka og ást og viska berst frá háþroskaverum um allan alheim og hefur bætandi áhrif á allt líf, sem lægra stendur að þroska.

Fyrir aðstreymi æðri orku verður stöðug hafning hinna lágu lífvera.

Hin sanna lífstefna á erfitt uppdráttar á mörgum frumlífsjörðum. Til slíkra staða beina hinir lengra komnu áhrifamætti sínum.

Hafning hinnar lágu veru, hins óvittra manns, er takmark hins æðri máttar. Guðleg ást leitast við að hefja hvern mann til réttar áttar.



Í óendanlegum víðáttum geimsins eru mikil sólnasöfn, vetrarbrautir, í hundraða og þúsundatali. Myndin sýnir þyrilþokuna M-51 í stjörnumerkinu Veiðihundarnir (Canes Venatici), sem er einhver fegursta vetrarbraut himins og mjög áhugaverð.

Næðust sambönd við lengra komna íbúa stjarnanna, hvort heldur í okkar eigin vetrarbraut eða í einhverri annarri, mundi verða upphaf gjörbreytingar til farsældar öllu mannkyni jarðar okkar.

Rangstefnan, sem svo víða ríkir, er lífstefnunni ólýsanleg hindrun. Rangstefnuna verður að sigra um alheim. Það er hið mikla markmið hinnar ædstu veru. Og til þess að það megi takast, verða frumlífsmenn allra mannkynja að vera þar með en ekki móti.

Einnig mankyn okkar jarðar veður að taka þátt í þeirri viðleitni og Íslendingar gætu haft möguleika á, að verða þar fremstir í flokki. Því á Íslandi voru fyrst uppgötvuð lögmálin um alsamband lífsins og ætti því að vera hér hægara um vik, — að koma af stað hinni nauðsynlegu byrjun, — en í löndum, þar sem þessi undirstöðulögmál eru enn óþekkt.

Endanlegur sigur lífstefnunnar getur ekki orðið, fyrr en helstefnan hefur verið sigruð og verðimegund hins illa upprætt.

Ingvar Agnarsson.

(118-M-15-3-79)

GJAFIR

(Ávarp hinnar ædstu veru).

Einn dag stóð ég frammi fyrir þér, þjóð mín, til að færa þér gjafir. Ég jós gjöfum mínum á báðar hendur til barna þinna. Flest litu ekki við þeim, önnur rétt litu á þær, en hnsuðu svo við þeim og tróðu þær fótum. Aðeins örfá skildu að hér voru góðar gjafir. Þau skoðuðu þær vandlega, nutu þeirra og glöddust af.

Og það eru þessi fáu börn sem enn njóta gjafa minna og gleðjast yfir þeim og skilja, að þetta eru góðar gjafir.

Þessi fáu börn hafa reynt að gefa öðrum af þessum gjöfum sínum, til að gleðja þá. Flestir vilja ekki þiggja, en einn og einn tekur þeim með fögnuði.

Ef allir hefðu viljað þiggja þessar góðu gjafir, þjóð mín, væri hagar þinn annar og betri en nú er. Ekki mundi það aðeins snerta efnahag þinn, heldur einnig allan vöxt þinn og andlegan þroska.

Þjóð mín! Þú hefur getað orðið andleg forystuþjóð mannkynsins, leitt allar þjóðir frá myrkri til ljóss. — Og enn gætir þú þegið gjafirnar góðu og gegnt því hlutverki, sem þér var ætlað frá upphafi heims. Staldráðu nú við og líttu betur á þessar gjafir, sem þér eru færðar til ávöxtunar.

S. S. T.

ALSTIRNDUR HIMINN

Eftir Sigurð Breiðfjörð
(F. 4/3 1798 – D. 21/7 1846).

- 1) *Kom, vesæll maður, kom og sjá,
komið, mannanna dætur, þér,
standið, undrist og starið á
stjarnanna þúsund þúsundir.*
- 2) *Skoða, minn vin, hin skæru ljós,
skrydd með forgylltum blómakrans.
Skenktu þeim næturhimni hrós,
er hugskot upptendrar sjáandans.*
- 3) *Kom, reyndu til að telja þær,
titrandi sjónar ljósin þín,
fjölsettra geisla fylling slær
forstand, málfæri og kraftur dvín.*
- 4) *Þín augu missa þrek og mátt
í þúsunda fjölda slíkum hóp.
Ó, maður, hygg og hugleið dátt,
hve stór hann er, er þetta skóp.*
- 5) *Taktu stækkunargler og gá
með glöggskygnum augum þankakyrri,
hundrað, nei, ótal hefjast þá
hnettir, er ekki leiztu fyrr.*
- 6) *Þenktu veraldar vorrar stærð
við þann smáhring, er lítum hér.
Í öllum þú skoða álfum færð
ótal margfjölda þúsundir.*

- 7) *Hremmir ekki ein undran stór
alla lífskrafta þína nú?
Minn andi vinglast máttarsljór . .
mikli guð, ó, hvað stór ert þú.*
- 8) *Upphimins stjarna alvaldur,
anda og manna faðir kær,
það gef minn andi þolgóður,
þinni dýrð ætíð skyggnist nær.*
- 9) *Svo vítt sem himins hvolfið er,
hugur minn keppist ætíð nær,
stórmerki þinna handa hér
að hugleiða og skoða, faðir kær.*
- 10) *Og mætti eg, ormur moldárgróms,
þá margfjölda skoða kálur þær,
upp til þíns hæsta helgidóms
hefjast, minn drottinn, nær og nær.*
- 11) *Vogunarfulli þanki, þú
þegjandi undrast, kom ei nær.
Þér láttu nægja þetta nú,
sem þú aldrei verðugt skoðað fær.*
- 12) *Hrærizt, tilbiðjið, undrizt allt
alveldi guðs og stjórnarráð,
hefjið lofgjörða hljóðið snjallt,
hans prísíð vísdóm, kraft og náð.*

Sigurður Breiðfjörð.

Draumar:

Draumur draumgjafans

I.

Mig dreymdi að ég ók bíl eftir vegi nokkrum og fór hægt. Dagsbirta var yfir öllu. Kom ég nú þar sem vegir skiptust og valdi ég þann sem lá til hægri. Hann lá í rauninni rétt við hliðina á hinum, en stóð lægra. Er ég hafði ekið smáspöl tók ég eftir, að þetta var reyndar ekki venjulegur bílvegur, heldur var hann vaxinn þéttu, lágu grasi og ég fann að jarðvegurinn þarna varð gljúpari, því lengra sem ég fór, og þessvegna hætt við, að ég mundi festa bílinn. Ég stansaði því og fór út, athugaði aðstæður.

Jörðin var mjúk og vot undir fótum mínum. Ég skildi, að ég yrði að koma bílnum aftur á bak, upp á vegamótin, en taldi áhættusamt að nota vélaraflið til þess, því hjólin myndu grafa sig niður í lausan jarðveginn.

Ég tók nú það ráð, að ýta á framenda bílsins, og með því að beita öllu afli tókst mér að koma honum aftur á bak, þangað sem vegirnir skiptust. En mér varð á að ýta honum þar upp á brúnina á hinum veginum, sem var hærri og varð þetta til þess, að bíllinn valt og ekki einungis á hliðina, heldur lagðist hann á þakið og stóðu hjólin upp. Þótti mér ástandið ekki gott.

Beitti ég nú öllum kröftum mínum og tókst að rétta bílinn við, svo að hann stóð aftur á hjólunum. En nú sá ég að bíllinn hafði dældast og var þakið á honum illa farið, allt í lautum og dældum.

En nú bregður svo við, að ég þykist vakna í rúmi mínu, og hefði mig verið að dreyma. Og draumurinn var einmitt sá atburður, sem frá hefur verið sagt hér að framan. Mundi ég hvert atvik hans, er ég vaknaði. Vissi ég, að ég átti bíl, en sá bíll átti bara að vera heim við hús mitt. Draumurinn hlyti því að vera vitleysa. Ég klæði mig nú í flýti og fer út. Þar er enginn bíll og verð ég undrandi. Ég kannast í huganum við vegamótin, sem mig hafði verið að dreyma. Þangað fer ég. Og mikið rétt! Þarna er þá bíllinn minn. Ég fer að honum. Hann stendur þarna eins og mig hafði dreymt hann, svartur bíll, en allur meira og minna dældaður og skemmdur, eins og ég hafði líka reyndar séð hann í draumnum. Þótti mér súrt í broti, að sjá hann svona útleikinn.

Ég fór að reyna að hugsa og gera mér grein fyrir, hvernig þetta

hefði getað átt sér stað. Eg sem hafði verið sofandi í rúmi mínu og bara verið að dreyma. Hvernig gat ég þá samtímis hafa verið að fást við bílinn? Þetta var mér með öllu óskiljanlegt. En bíllinn sýndi nú samt á áþreifanlegan hátt, að ég hafði verið að aka honum og basla við hann. Það lá við að ég yrði alveg sturlaður yfir þessum hugleiðingum, sem ég gat með engu móti komið heim og saman.

II.

Já, ekki er nú furða þótt draumgjafa mínum gengi illa að átta sig á nýafstöðnum viðburðum: Annarsvegar hinum skýra draumi sínum og hinsvegar, að fá nú staðfestingu þess, að draumurinn hafði verið raunverulegur í alla staði.

Þessi draumur minn er allfurðulegur, en þó eru slíkir draumar ekki óþekktir. Draumur draumgjafa míns kemur inn í vitund mína. Það er eins og hans draumgjafi verði einnig minn draumgjafi. Og er maðurinn vaknar þá verður hann minn draumgjafi án milliliðar, eins og er með langflestu drauma.

Hér var um tvöfalt draumsamband að ræða, og hefur komið fyrir, að mig hefur dreymt slíka drauma, en mjög skjaldan.*

Til þess nú að fá einhvern skilning í draumsögu mína, þá held ég að gera verði ráð fyrir því, að einhver maður hafi tekið bíl hins sofandi manns, líklega traustataki, og ekið honum og síðan velt honum. Ökumaðurinn hefur svo samtímis gerst draumgjafi bíleigandans, og því fannst honum (bíleigandanum) að hann væri sjálfur að aka bílnum og fást við hann að öðru leyti, þótt í raun lægi hann sofandi í rúmi sínu. Þannig eru allir draumar. Vakandi maður verður draumgjafi hins sofandi einstaklings.

Eftir viðbrögðum bíleigandans að dæma, í síðari hluta draums míns, virðist mér sem ekki hafi hann áttað sig á þessum möguleika, ekki vitað um, að sambönd geta átt sér stað milli sofandi manns og vakandi. Ekki vitað um, að draumur eins er í rauninni vökulíf einhvers annars. Hefði hann gert sér þetta ljóst, er trúlegt, að hann hefði getað áttað sig á samhenginu milli eigin draums og þess veruleika, sem nú blasti við sjónum hans, þar sem hann var að skoða hinn illa farna bíl sinn. — Eftir því, sem inn komst í draumvitund mína, held ég að bíleigandinn, draumgjafi minn, hafi ekki látið sér til hugar koma, að einhver annar maður, e. t. v. einhver nágranni hans, hafi átt hér hlut að máli.

Ingvar Agnarsson

*(Dreymt 7. febrúar 1983 kl. 8 að morgni
og þá enn myrkt af nóttu)*

* skjaldan = sjaldan.

Gljúfrið mikla. — Draumur

I.

Mig dreymdi, að efnt hefði verið til fjallgöngu. Boð höfðu verið látin ganga út til þeirra, sem vildu taka þátt í slíkri tilraun.

Draumurinn hefst á því að við erum margir saman á leið eftir djúpu gljúfri. Botn þess er heldur erfiður yfirferðar, björg og stórir steinar liggja þar um allt. Hamraveggir gnæfa beggja megin.

Loks sjáum við háan drang framundan. Hann stendur nær öðrum gljúfurveggnum. Svo hár er hann að nema myndi 100–200 metrum. Hann er sverastur neðantil, en smámjókkar upp og efst er hann aðeins örmjó strýta. Við komum nú að þessum aðskilda kletti.

Mér virðist bergið í honum vera grófgert og hrjónungslegt, ekki ósvipað móbergi. Þar skiptast á gulir, svartir og brúnleitir flekkir, óreglulegir að lögun.

Við tökum nú að klífa þennan bratta hamar. Mér verður ekki erfitt að ná hand- og fótfestu, því allsstaðar eru smánibbur, til að ná taki á. Hærra og hærra kemst ég og loks er ég kominn alla leið upp. Þar er lítill stallur. Ég sest á hann, og held mér utan um efstu gnípuna, sem er örmjó. Ég litast um í kringum mig, sé að nokkrir eru komnir nærri jafn hátt, en sumir eru nokkru neðar. Þeir stansa hér og hvar á efstu sillunum.

Tekist hefur að ná þessum áfanga, og menn fara að klifra niður aftur, en ég sit enn kyrr. Ég skynja, að ferð mannanna niður dranginn gengur misjafnlega.

Og nú heyri ég óp mikið. Einhver hefur hrapað, e. t. v. til dauðs.

Mér verður mikið um að heyra þetta óp. Það dregur úr mér kjark og áræði. Ég fyllist ótta. Verð sem lamaður. Mér þykir sem uppi verði fótur og fit út af þessu slysi og menn séu hvattir til að fara varlega.

Ég sit enn kyrr á mínum stað, en fylgist með því sem gerist, neðar í klettinum.

Mér líst illa á, að komast niður, og því lengur sem ég bíð, vex mér niðurförin meir í augun. Loks þori ég mig ekki að hreyfa úr stað, þaðan sem ég sit. Ég læt fyrirberast og bíð átekta, en kvíði því mikið, hvernig ég á að komast niður af þessum háa drangi.

Endar hér draumur.

II.

Vel gæti draumur þessi stafað af sambandi við einhvern á þessari jörð. Sýnist mér staðhættir í draumnum hafa getað verið þannig, þótt svo þurfi ekki endilega að vera, því þeir gætu einnig á ýmsum öðrum stöðum verið hliðstæðir því, sem hér er.

Margir leggja sig í mikla hættu við klifur í klettum, jafnvel svo, að bani hlýst af.

Framansögð draumreynsla mín virðist einmitt lýsa einum slíkum leiðangri, þar sem menn leggja lífið í hættu, til að ná ákveðnu marki.

Draumgjafi minn, sem sat efst á klettinum mun hafa fengið einkonar taugaáfall, er hann varð vitni að óförum eins af félögum sínum. Vonandi er þó að hann hafi brátt náð sér, og öðlast áræði til að klífa niður klettinn, því erfitt mun öðrum hafa verið að bjarga honum úr þeim stað, sem hann var á.

Ég vaknaði upp úr draumi mínum um kl. 7. Einmitt þá sat hinn fjarlægi draumgjafi minn á gnípunni háu og þorði sig hvergi að hreyfa.

Draumar eru samtímaviðburðir. Fjarlægur atburður gerist á sama tíma og draumur hins sofandi manns á sér stað. Mikilvægt skilningsatriði er að vita um samtímun draums og vökureynslu draumgjafa.

*Ingvar Agnarsson
(Dreymt 22. ágúst 1983).*

Draumur um perlur

Mig dreymdi að ég væri á ferðalagi í Austurlöndum, en ekki vissi ég hvar þetta var. Fólkið í þessum ferðamannahóp var nokkuð brúnleitt á hörund. Ég tók sérstaklega eftir einni konu. Hún var há og grönn, vel vaxin og dökkhærð, mjög falleg. Þessi kona bað fararstjóra að nema staðar í litlu þorpi, en ekki man ég hvernig húsín litu út. Konan vék sér eitthvað frá, en kom aftur eftir litla stund og hélt þá á lítilli öskju. Allt í einu opnaði hún öskjuna, en í henni voru hvítar perlur. Hún lét perlurnar renna í vinstri lófa sinn og ég taldi perlurnar, meðan hún lét þær renna í lófann, þær voru 17, en þá síðustu missti hún niður, en beygði sig og tók perluna upp og þurrkaði vandlega af henni. Svo lét hún allar perlurnar aftur í öskjuna. Í þessu vaknaði ég og það fyrsta sem kom upp í hugann var orðið Kleópatra. Skrifað kl. 7,30 að morgni.

*Kristín Guðmundsdóttir. – Garðastræti 4
(Dreymt aðfaranótt 27. mars 1983).*

Draumur um veikindi og hvernig hann kom fram

Mig dreymdi, að ég þóttist vera úti stödd, en það finnst mér alltaf vera í öllum mínum draumum nú á seinni árum (ekki fannst mér ég vera við elliheimilið heldur einhversstaðar langt úti í geimi). Þá þykir mér Stefán, bróðir minn, vera kominn til mín. Ekki mundi ég að hann væri dáinn, en fannst samt, að það vera langt síðan við hefðum sést. Ég þóttist spyrja hann hvað hann segði í fréttum og úr hvaða ferðalagi hann kæmi. Þá þykir mér hann svara: „Ég var að koma úr ferðalagi með honum Runólfi Pétursyni, við vorum að reyna, ásamt öðrum, að hjálpa honum Ólafi Ólafssyni, kunningja okkar, en hann veiktist mjög hastarlega í fyrradag og það svo að enginn hugði honum líf um tíma. en nú er hann miklu betri og vonum bæði við og jarðneskir læknar að hann sé úr hættu í bili“. „Var hann á skrifstofunni þegar hann veiktist?“ spyr ég. „Hann var nýkominn heim“, var svarið. „Klukkan var að ganga sex, þá datt hann allt í einu niður meðvitundarlaus, svo var hann fluttur í skyndi til Reykjavíkur og farið tafarlaust með hann á gjörgæsludeild. Það er kransæðastífla. Þú veist hann hefur lengi verið hjartasjúklingur“. „Halðið þið, að hann eigi langt eftir?“ þykist ég spyrja. „Ótrúlegt er að það verði mörg ár, en við vonum að hann eigi þó nokkuð eftir. Unnur fór auðvitað með honum, svo þér þýðir ekki að hringja heim til þeirra, þau eiga heima á Selfossi, en þú munt fréttu um þetta meira, áður en langt líður“. Þá fjarði draumurinn út.

Mér þótti þetta ekki góður draumur, en var samt að vona, að þetta væri eins og hver önnur vitleysa. Þessi hjón eru bæði vestan af landi. Hann er Breiðfirðingur, en hún frá Ísafirði. Þau voru hér í 2 ár og keyptu sér hér hús. Hann vann á sýsluskrifstofunni, en hún hafði þvottana fyrir okkur hér á elliheimilinu og líka gjörði hún mikið við fót, því hún var með afbrigðum vandvirk og samviskusöm. Líka rækti hann starf sitt mjög vel. Þau voru okkur, vistfólkinu á elliheimilinu mjög góð. Þó alveg sérstaklega okkur systkinunum og Eyva (Eyjólfu), en svo er einn vistmaðurinn alltaf kallaður. Eins og ég sagði, þótti mér þetta ekki góður draumur, en var þó að síðustu farinn að halda að þetta hefði verið eins og hver önnur fjarstæða. Þá er það einu sinni, er ég var ein í herberginu mínu og hugðist hvíla mig, er aðeins nýlögst fyrir, þá kemur ein starfsstúlkana og segir að ég eigi að koma strax í símann. Mér datt fyrst í hug

skyldfólkið mitt, en þótti það þó dálítið kynlegt þar sem skammt var frá því þau höfðu hringt til mín og líka skrifað. En stúlkan sagði þetta vera landsímamann.

Í símanum heyri ég konurödd, en ég er með þeim ósköpum fædd, að ég er mesti klaufi að þekkja raddir í síma, fyrr en eftir nokkra stund. Ég spyr því hver það sé sem tali. „Það er Unnur“, er svarað, þá hélt ég endilega að þetta væri Unnur, kona bróðursonar míns, þótt mér findist þetta eitthvað ólíkt henni og segi því: „Nei, er þetta Unnur, þakka þér kærlega fyrir bréfið“. „Nei, nú ertu að ruglast. Þetta er ekki Unnur í Kópavogi, þetta er Unnur þín á Selfossi“. Þá skammaðist ég mín fyrir vitleysuna og þekkti þá auðvitað málróminn. Síðan bætti hún við: „Ég var aðeins að hringja til að láta þig vita, að það er ekki sökum þess að við séum búin að gleyma þér, að ég hef ekki skrifað svona lengi“. Sagði hún mér svo allt það sanna um veikindi Ólafs, eins og mig hafði dreymt. Nú væru þau komin heim og Ólafur bara furðu hress, eftir ástæðum og væri byrjaður að vinna. Og læknarnir teldu að hann gæti átt þó nokkuðeftir, ef hann færi vel með sig. En bæði henni sjálfri og eins börnum þeirra væri ekki um, hvað hann hefði farið fljótt að vinna. „En þú veist nú hvernig hann Ólafur er“, sagði hún, „hann getur aldrei iðjulaus verið“. Ég kvaðst vita það, en spurði hana svo hvort hann hefði veikst svona í vinnunni. „Nei“. sagði hún, „hann var nýkominn heim. Klukkan var eitthvað lítið gengin í sex, þá datt hann allt í einu svona niður“.


Rétt eftir að mig dreymdi drauminn, sagði ég hann gáfaðri og merkri konu og myndi hún votta að rétt væri frá sagt. Ég sagði henni það aðeins að gamni mínu, en ekki af því að ég tryði því að draumurinn myndi rætast svona bókstaflega.

Fleira gæti ég sagt ykkur af svipuðu tagi, en verð að sleppa því núna.

*Sigurlaug Guðmundsdóttir
(Dreymi 1983)
Hjúkrunarheimilinu,
Höfn, Hornafirði.*

Landslag í draumi

Mig dreymdi, að ég stæði á hæð nokkurri og horfði yfir fagurt landslag. Mjög var bjart yfir öllu, heiður himinn og glampandi sjór framundan og handan hans hnúkur einn eigi allhár, en nær tvö fjöll há. Naut ég þess að horfa á þetta útsýni.



Þetta draumséða landslag er í rauninni ekki ólíkt því, sem verið gæti einhversstaðar á Íslandi.

*Ingvar Agnarsson
(Dreymt 9/6 1983).*

Draumur um skip við strönd

Mig dreymdi. Ég stóð á sjávarströnd og litaðist um. Hér var breið fjara. Fjöldi fólks var þarna, hvert sem litið var. Mörg skip voru á ferð rétt utan við ströndina og gengu fram og aftur meðfram henni. Öll voru þau lág og breið. Fullt var af fólki á þilfari þeirra.

Allt í einu þykir mér ég vera kominn út í eitt af þessum skipum. Ég horfði til lands og sá margt fólk í fjörunni, en upp frá henni virtist vera lágvaxinn skógur.

Ég stakk mér í sjóinn og fann hvernig hann lagðist að líkama mínum, kaldur og svalandi. Ég synti til lands og skreið upp í fjöruna. Ég gerði það að gamni mínu, að skriða á fjórum fótum upp fjöruna, sem var fínsendin. Svo settist ég á stein eða klett, sem stóð upp úr sandinum og fór að horfa á skipin, sem voru á ferð, skammt frá landi.

Ekki varð draumurinn lengri.

*Ingvar Agnarsson
(Dreymt 18. ágúst 1983).*

Sambandsfundir:

Fyrir miðilsmunn.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

134. Eggert Ólafsson.

Eggert.

Það eru Íslendingar hér framliðnir margir úti staddir upp til fjalla í björtu sólskini. Horfum hér yfir víðáttumikið og fagurt landslag. Þetta eru jarðfræðingar og náttúrufræðingar hérna hópur.

Ertu Eggert Ólafsson?

Jæja, sá er nú maðurinn réttnefndur.

En þetta eru vinir mínir og við erum að rannsaka hérna fjöll og náttúru. En ekki ætla ég nú að fara að reyna að segja ykkur mikið um það núna. en það væri mjög gaman síðar að segja meira fráránsknum jarðfræðilegs eðlis og náttúrufræðilegs eðlis af ýmsu tagi ef skilyrði væru til slíks að koma nú fram gegnum miðil. en það eru hnettirnir að mörgu leyti svipaðir margir þó munur ævinlega í náttúrunni einhver og allsstaðar eitthvað nýtt hægt að rannsaka. En ég hugsa nú til þess liðna og hvernig var að vera á ykkar jörð. Það reynist ekki neitt þurrkast út heldur eru allar minningar varanlegar í vitund manns jafnvel þúsundir ára og lengur þó. En minningar, ekki eru þær nú ævinlega skemmtilegar og bjartar og þó lærdómsrík reynsla. Ég veit skil á góðu og illu. Eftir að á aðra jörð var komið mætti ég merkasta fólki og það undraði mig stórlega glæsileiki lífsins. Jarðnesks og líkamlegs eðlis var sú tilvera svo nákvæmlega sömu lögmálum háð um svefn og vöku og aðrar líkamlegar þarfir og andlegar að ekki var verulegur munur þar á er frá var horfið. Það var mér sem náttúrufræðingi gleðiefni.

Komuð þið hjónin fram á sama stað?

Það var enginn aðskilnaður heldur fengum við að vera saman eins og áður hafði verið. Það var dásamleg staðreynd svo dásamleg að ekki verður með orðum lýst. Raunar undraði okkur æ meir er lengra leið, á möguleikum hins nýja lífs. Og nú hef ég séð tilverustig lífsins á fjölda hnatta. En ekki er ég að segja að allt sé fullkomið allsstaðar. Til eru tilverustig helstefnunnar og ömurleikans

og ófullkominunarinnar í hryllilegustu myndum. Þar sem síst hefur tekist að hefja efnið á æðra stig fullkominunar.

Ertu búinn að búa á mörgum hnöttum?

Ég hefi ekki átt heima á mörgum hnöttum. Eigi að síður hef ég kynnst mörgum og heimsótt og fjarskynjað þangað. Furðulegri og stórkostlegri framfarir eiga sér stað sumsstaðar en unnt er að lýsa í stuttu máli á framfarahnöttunum og það er nauðsyn að stilla til sambands við slíka hnetti fyrir frumlífið.

Ég á ekki auðvelt með að segja meira. Þakka fyrir. Verið sæl.
23. 11. '81.

Gunnar Hjörvar

ritaði eftir segulbandsupptöku.

135. Sigurður Ólafsson.

Það er furðulegt að hugsa til baslsins í manni þarna, peningavafstrið og allt það; laus við þetta, önnur stórmerkilegri tekin við. Það verður að standa í sinni stöðu, hver sem hún er og það reyndi ég nú, en hugurinn var nú stundum allt annarsstaðar eins og gengur og þannig er oft með mörg störf, menn vinna þau af skyldurækni fremur en ástríðu. En það þyrfti að vera hægt að breyta þessu, að menn hefðu gaman af sínu starfi og þörf fyrir að stunda það.

Jæja, ég er hugsandi eins og áður varðandi Nýalsmálin, framgang þeirra á Íslandi og á öllum hnettinum. Það tel ég stærsta málið, er allt mannkynið snertir enn sem fyrr.

Ykkur er hugur minn hliðhollur jafnan. En það er hugsunin sem allt veltur á að sé í góðu lagi hjá einstaklingnum, þjóðunum, mannkyninu og Helgi Pjeturss komst nú með uppgötvunum sínum að stórkostlegum sannindum er leiða að því að bæta hugsun manna og skýra. Ekki þarf ég að segja ykkur það. Enn vill dragast um of að sú nýalska hugsun ryðji sér til rúms. Þegar ég hugsa til starfsemi ykkar þá sé ég hvað miðar fram, hvað hugsanlega gæti farið betur. En það er ekki svo auðvelt samstarf allra ennþá, en ég reyni eftir því sem ég get að hjálpa í því efni og Helgi Pjeturss fylgist nú með og fleiri.

Gunnar Hjörvar

ritaði eftir segulbandsupptöku.

LEIÐRÉTTING

Í 41. tölublaði *Lífgeisla* 1983 hefur orðið meinleg prentvilla á bls. 15 í greininni **Rofin lífsambönd**. Þar stendur: Þar til viðbótar kemur og, að álfheimabúar, „Dökkálfar“, sem Snorri talar um . . .

Í staðinn á að standa: Þar til viðbótar kemur og, að *helheimabúar* o. s. frv.

Þar sem þetta ruglar merkingunni, vil ég biðja lesendur að leiðrétta þessa villu, því helheimabúar er algjör andstæða við lífheimabúa.

Útgeislur

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

Guðirnir á Síriusi eftir K. O. Schmidt	Bls. 39
Í þýðingu Þorsteins Guðjónssonar. Satjar	

ERINDI OG GREINAR:

Satúrnuþarþokan. (Sjá forsíðumynd). I. A.	— 38
Fjarrænir gestir á Kanadískri grund, eftir Arthur Matthews. Þýtt af Þorsteini Guðjónssyni	— 44
Um greinina „Fjarlægir gestir“. Þorst. Guðjónsson	— 55
Úr hylðýpi eigin dóms. I. A.	— 57
Lífsblik. I. A. (Með mynd).	— 59
Gjafir. S.S.T.	— 60

LJÓÐ:

Alstirndur himinn. Sigurður Breiðfjörð	— 61
--	------

DRAUMAR:

Draumur draumgjafans. I. A.	— 63
Gljúfrið mikla. — Draumur. I. A.	— 65
Draumur um perlur. Kristín Guðmundsd.	— 66
Draumur um veikindi og hvernig hann kom fram. Sigurlaug Guðmundsdóttir.	— 67
Landslag í draumi. (Með mynd). I. A.	— 69
Draumur um skip við strönd. I. A.	— 69

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. Sv. Har. — G. Hj. skráði. Nr. 134–135	— 70
Leiðrétting. I. A.	— 71